

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Nefndasvið Alþingis
Umhverfisnefnd
Austurstræti 8 – 10
150 REYKJAVÍK

SAMTÖK IÐNAÐARINS

Alþing. 128/1762
Erindi nr. Þ 128/1762
komudagur 16.4.2003

Reykjavík, 11. apríl 2002

Efni: Frumvarp til laga um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyrjarsýslu, 637. mál.

Tekið er undir meginmarkmið laganna um náttúruvernd á Mývatns- og Laxárvæðinu í samræmi við hugmyndir um sjálfbæra þróun og að vistfræðilegu þoli svæðisins verði ekki stefnt í hættu af mannavöldum.

Hins vegar verður að gæta þess að ganga ekki lengra í álögum á atvinnulíf á svæðinu, sem löggin taka til, en nauðsynlegt er til þess að ná settum markmiðum. Sérstaklega verður að gæta þess að skapa ekki réttaróvissu og að stjórnvísla og leyfisveitingar vegna atvinnustarfsemi valdi ekki óþörfum kostnaði og vinnu fyrir fyrirtæki.

Ekki verður séð að frumvarpið taki eldri lögum um efnið fram og má jafnvel halda því fram að þau feli í sér afturför á vissum sviðum.

Það er eru lög í landinu sem gilda um umhverfismat. Ekki verður séð að neina nauðsyn beri til þess að fyrirtæki, á borð við Kísiliðjuna hf., þurfi að sæta tvöföldu eftirliti, mati og ákvörðunum tveggja stjórnvalda að þessu leyti. Gera þarf breytingar á frumvarpinu sem tryggja þetta.

Hér skal sérstaklega bent á að 3. grein frumvarpsins er óskýr og ekki til þess fallin að bæta réttarframkvæmd. Nær er að halda sig við ákvæði núgildandi laga um sama efni og láta eitt yfir alla ganga í þeim efnum.

Umhverfisnefnd Alþingis er eindregið hvött til þess að skoða þessi mál ofan í kjölinn og færa til betri vegar.

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Óskar Maríusson
Umhverfisfulltrúi SA

SAMTÖK IÐNAÐARINS

Jón Steindór Valdimarsson
aðstoðarframkvæmdastjóri